



Lúxemborg, 22 mars 2002

## Fréttatilkynning 05/02

### Dómur í máli E-3/01 *Alda Viggósdóttir gegn Íslandspósti hf.*

#### Réttindi launþega við breytingar á ríkisstarfsemi.

Í dómi í dag komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að breyting Póst- og símamálastofnunarinnar, sem var í ríkiseign, í Póst og síma hlutafélag, sem að öllu var eign ríkiseign, væri “eigendaskipti” í skilningi umdeilds ákvæðis í Evrópurétti. Það er hin almenna regla, að eftir slík eigendaskipti haldi launþegi réttindum sínum eftir innlendri vinnulöggjöf. Þó gildir þetta ekki, að því er í dóminum segir, ef um launþegann giltu reglur opinbers réttar. EFTA-dómstóllinn sagði að Héraðsdómur Reykjavíkur ætti að meta, hvort staða sóknaraðila félli undir íslenskan, opinberan rétt.

EFTA-dómstóllinn lét einnig í ljós það álit, að í sambandi við eigendaskipti gæti starfsmaður ekki afsalað sér réttindum, sem hann á eftir Evrópurétti á þessu sviði.

Sóknaraðili hafði ráðist til starfa hjá Póst- og símamálastofnun og hélt áfram störfum hjá hlutafélaginu. Í málinu er fjallað um uppsögn ráðningarsamnings hennar og hvort hún hafi, eftir eigendaskiptin, áfram notið fyrri réttinda að þessu leyti.

Þær Evrópuréttarreglur sem varða þetta mál er að finna í tilskipun 77/187/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar. Ný tilskipun (2001/23/EBE) er nú komin í stað eldri reglna.

Dóminn í heild er að finna á íslensku og ensku á vefsíðunni: [www.efta.int](http://www.efta.int).

Um er að ræða ráðgefandi álit sett fram að beiðni Þorgerðar Erlendsdóttur dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur.

EFTA-dómstóllinn skipa dómaramir Þór Vilhjálmsson (dómsforseti), Carl Baudenbacher og Per Tresselt.

Fréttatilkynning þessi bindur ekki dómstólinn.